



Akraneskaupstaður

## ÚTHLUTUNARREGLUR ÚR MIÐLÆGUM TÆKJAKAUPASJÓÐI AKRANESKAUPSTAÐAR

Markmið með miðlægum tækjakaupasjóði Akraneskaupstaðar er að veita stofnunum kaupstaðarins tækifæri til að bæta tækjakost, hvort sem um er að ræða ný kaup, endurnýjun eða viðbætur.

1. Við fjárhagsáætlunargerð á hverju ári er ákveðin fjárhæð sett í miðlægan tækjakaupasjóð Akraneskaupstaðar sem stofnanir geta sótt um fjármagn í vegna tækjakaupa.
2. Bæjarstjóri Akraness hefur heimild til að afgreiða umsóknir frá stofnunum Akraneskaupstaðar fyrir upphæðir sem nema allt að kr. 500.000.
3. Óskir um framlag sem nemur hærra en kr. 500.000 verður vísað til afgreiðslu bæjarráðs Akraneskaupstaðar.
4. Umsóknir í tækjakaupasjóð skulu vera vel rökstuddar og ítarlegt kostnaðarmat fylgja með umsóknum.

**Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 26.11.2015**

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 15.12.2015**

Akranesi, 22.12.2015

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

